



Viðtakandi:Borgarráð
Sendandi: Borgarstjóri

Reykjavík, 13. júlí 2026
MSS26070006

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um hagræðinga- og breytingatillögur á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarfulltrúa Samfylkingarinnar:

„Borgarráð samþykkti á síðasta fundi að segja upp upplýsingafulltrúum og dreifa ábyrgð mannréttindaskrifstofu yfir á önnur svið Reykjavíkurborgar. Ljóst er að í þessum hópi voru upplýsingafulltrúar frá umhverfis- og skipulagssviði, velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Enn fremur var viðburðateymi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fært yfir á menningar- og íþróttasvið. 1. Hvaða þjónustu mun velferðarsvið fá, frá miðlægu teymi, þegar upplýsingafulltrúa velferðarsviðs sem starfaði á skrifstofu borgarstjóra hefur verið sagt upp? 2. Hvernig hafa upplýsingamál verið leyst, á skrifstofu borgarstjóra, frá því að upplýsingafulltrúum var sagt upp störfum? 3. Hafa einhverjir upplýsingafulltrúar verið ráðnir aftur og hvað réði því? Hver voru fagleg sjónarmið og ferillinn við mat á því hvaða upplýsingafulltrúa ætti að ráða aftur? 4. Er þegar búið að útvíta einhverjum verkefnum á skrifstofu borgarstjóra? Er búið að semja við einhverja tiltekna stofu? Ef já, hvaða stofu og hver er kostnaðurinn? Ef ekki, verður farið í útboð? 5. Hefur nýr meirihluti þegar keypt þjónustu ráðgjafa- eða samskiptastofu frá því að nýr meirihlutinn tók við?“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar borgarstjóra með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. júlí. sl.

Svar:

1. *Hvaða þjónustu mun velferðarsvið fá, frá miðlægu teymi, þegar upplýsingafulltrúa velferðarsviðs sem starfaði á skrifstofu borgarstjóra hefur verið sagt upp?*

Samið hefur verið við tvo starfsmenn úr fyrra samskiptateymi að starfa til áramóta fram að uppsagnarfresti og eru þau sviðum innan handar við miðlun. Við munum á næstu misserum kynna nýtt og skilvirkara fyrirkomulag.



Reykjavík



2. *Hvernig hafa upplýsingamál verið leyst, á skrifstofu borgarstjóra, frá því að upplýsingafulltrúum var sagt upp störfum?*

Samið hefur verið við tvo starfsmenn úr fyrra samskiptateymi að starfa til áramóta fram að uppsagnarfresti og verða þau innan handar við miðlun. Að öðru leyti hefur borgarstjóri með aðstoð starfsfólks skrifstofunnar haldið um upplýsingamál meðan unnið er að nýju fyrirkomulagi.

3. *Hafa einhverjir upplýsingafulltrúar verið ráðnir aftur og hvað réði því? Hver voru fagleg sjónarmið og ferillinn við mat á því hvaða upplýsingafulltrúa ætti að ráða aftur?*

Nei

4. *Er þegar búið að útvista einhverjum verkefnum á skrifstofu borgarstjóra? Er búið að semja við einhverja tiltekna stofu? Ef já, hvaða stofu og hver er kostnaðurinn? Ef ekki, verður farið í útboð?*

Nei

5. *Hefur nýr meirihluti þegar keypt þjónustu ráðgjafa- eða samskiptastofu frá því að nýr meirihlutinn tók við?*

Nei

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík